

GUÐRÚN KVARAN

Tungan og hnattvæðingin

Erindi á málrættarþingi Íslenskrar málnefndar 20. nóvember 2004. Aðalefni þess voru áhrif hnattvæðingar og upplýsingatækni á þjóðtungur. Auk Guðrúnar fluttu þar erindi Tatjana Latinovic, Hafsteinn Bragason og Arnór Guðmundsson. –Ritstj.

Góðir málþingsgestir.

Eins og fram kom í setningarorðum er ætlunin að ræða í dag um áhrif hnattvæðingar á þjóðtungur. Ég hef í hyggju að beina sjónum mínum að íslenskri tungu og þeim áhrifum sem hún verður helst fyrir á dögum vaxandi alþjóðlegrar samvinnu. Ég mun fyrst ræða um helstu áhrifavalda á tungumálið en síðan mun ég fjalla um mikilvægi þess að til sé skýr íslensk málstefna. Ef við hugum fyrst að þeim utanaðkomandi áhrifum sem leita á tungumálið í vaxandi mæli þá er fyrst að nefna Netið og veraldarvefinn með öllu sínu fjölbreytilega efni. Nú má enginn skilja orð mín svo að ég amist við þeirri nýju tækni – síður en svo. Við þurfum aðeins að kunna að fara með hana og vera vel á verði, einkum þegar börn eiga í hlut. Eitt af þeim verkefnum, sem núverandi Íslensk málnefnd vill leggja rækt við á fjögurra ára starfstíma sínum, snýr einmitt að börnum og unglíngum. Eins og allir vita lifa og hrærast mörg börn í enskumælandi heimi Netsins og alls kyns tölvuleikja. Þetta á ekki aðeins við um íslensk börn heldur einnig börn í nágrannalöndum okkar og hafa menn víða af þessu vaxandi áhyggjur. Eitt af mörgum verkefnum, sem Málráð Norðurlanda hyggst leggja til að tekið verði fram í nýrri norrænni málstefnu, er einmitt máluppeldi barna og unglínga á dögum hnattvæðingar og upplýsingatækni. Ætlunin er að leita eftir samstarfi við þá sem framleiða tölvuleiki og hvetja til framleiðslu á leikjum og öðru efni fyrir tölvur á móðurmálinu. Ábyrgðar- og uppeldishlutverk þeirra er meira en stjórnendur fyrirtækjanna gera sér ef til vill grein fyrir. Það er næsta ólíklegt að börnin kjósi fremur efni á ensku en mikilvægt er að vekja þau snemma til vitundar um eigið tungumál og mikilvægi þess. Nýlega var ég að skoða efni á Netinu í tengslum við samnorrænt rannsóknarverkefni sem ég tek þátt í og rakst þá á, mér til mikillar ánægju, orðalista frá samtökunum „Heimili og skóli“ sem greinilega var til þess ætlaður að kynna fyrir börnum og ungu fólki orð og hugtök sem notuð eru þegar talað er um Netið og notkun þess. Þarna eru gagnlegar upplýsingar á vönduðu máli sem hugsanlega stuðla að því að notendur venjist því að ræða um Netið og efni tengd því á móðurmálinu.

Þótt mikilvægt sé að huga að börnum og unglíngum má þó ekki gleyma þeim sem eldri eru. Þeir verða ekki síður fyrir erlendum áhrifum, einkum frá ensku. Árið 2001 kom Norræna ráðherranefndin af stað rannsókn þar sem kannað skyldi hvernig tungumálum Norðurlanda vegnaði í samkeppninni við ensku og hvort hægt væri að tala um umdæmisvanda innan einstakra mála. Fulltrúar málnefndanna skrifuðu alls tíu skýrslur sem sýndu að ástandið var ekki alls staðar eins á Norðurlöndum. Ari Páll Kristinsson skrifaði íslensku skýrsluna og er hægt að skoða hana á heimasíðu Íslenskrar málstöðvar (www.islenskan.is). Sums staðar var ljóst að enska var ríkjandi á heilu sviðunum, annars staðar virtist umdæmisvandinn ekki eins mikill, t.d. hérlendis. Færeyjar og Grænland gátu sýnt fram á að svið hefðu unnist í baráttunni um viðurkenningu móðurmálsins, m.a. innan menntakerfisins, að vísu ekki frá ensku

heldur frá dönsku. Nokkur ár eru liðin frá því að þessar skýrslur voru skrifaðar og á þeim tíma hefur átt sér stað breyting. Ef við lítum okkur næst var ástandið vel við unandi þegar Ari samdi íslensku skýrsluna. En umræðan innan háskólanna núna bendir til þess að margt sé að breytast. Mörg námskeið, jafnvel heilu námsbrautirnar, fara nú fram á ensku. Ég hef ekki orðið vör við að háskólamenn hafi almennt af þessu þungar áhyggjur en þó taldi yfirstjórn Háskóla Íslands nauðsynlegt að skólinn hefði sína eigin málstefnu til þess að styðja íslenska tungu í kennslu og rannsóknum. Hún var samþykkt á háskólafundi í maí í vor. Ég kem að málstefnunni rétt á eftir. Ástæða þessara breytinga hérlendis sem annars staðar í nágrannalöndum á án efa rætur að rekja til svonefndrar Bologna-samþykktar. Ekki er víst að allir hér inni þekki þessa samþykkt og ætla ég því að rekja tilurð hennar stuttlega. Árið 1998 hittust menntamálaráðherrar Frakklands, Þýskalands, Ítalíu og Bretlands í Sorbonne til þess að ræða sameiginleg menntamál og skrifuðu undir viljayfirlýsingu um að samræma nám á háskólastigi í Evrópulöndum. Næsta ár var boðað til fundar í Bologna og þar skuldbatt sig 31 ráðherra frá 29 löndum til að stuðla að sameiginlegu evrópsku svæði til háskólanáms. Meginstefnan er að borgarar landanna eigi auðveldara með að fara milli landa til náms. Það á einnig að efla möguleika evrópskra landa til að keppa við lönd utan Evrópu um stúdenta og sérfræðinga. Tekið er fram að fullt tillit skuli taka til mismunandi menningar, tungumála og menntunarkerfa einstakra landa. Stefnt er að því að löndin öll hafi lagað sig að Bologna-samþykktinni fyrir árið 2010 og til þess að það verði unnt komu menn sér saman um níu markmið sem stefnt skyldi að. Ég ætla ekki að rekja þau hér en samnefnarinn er í stuttu máli að nemendur á háskólastigi geta stundað nám hvar sem er í Evrópu, flutt sig milli landa og tekið námskeið á ýmsum stöðum sem metin verða sem hluti aðalnámsins. Markmiðin eru háleit og víðast hvar er farið að vinna að framgangi þeirra. Sérhvert land ber ábyrgð á sínu námi innan þessa ramma og ég hef ekki heyrt eða séð mikla gagnrýni á þessa stefnu. Menn eru hins vegar víða farnir að vakna til vitundar um að þessi samevrópska stefna mun í vaxandi mæli flytja erlend áhrif, einkum ensk, inn í skólakerfið. Áhrifin verða fyrst og fremst á tungumálið og notkun þess. Ég hef hvergi séð það nefnt í þeim gögnum sem ég hef lesið um Bologna-samþykktina hvernig löndin, sem skrifuðu undir, geti sem best varðveitt eigið tungumál í háskólakennslu. Það verða þau að hugsa um sjálf og leysa vandamálið.

Á Norðurlöndum heyrast sífellt fleiri áhyggjuraddir innan háskólanna og í vor er leið efndi Málráð Norðurlanda til málþings þar sem fólk frá háskólum og ráðuneytum ræddi um hvort stefna ætti að því að tvö mál yrðu notuð samhliða, móðurmálið og enska, þar sem þess yrði gætt að móðurmálið færi ekki halloka. Þeirri umræðu er alls ekki lokið en það mikilvægasta á þinginu að mínum dómi var að menn á öllum Norðurlöndum viðurkenndu vandann og vildu finna lausnir. Það er mjög mikilvægt að finna lausnir sem allra fyrst á meðan enn er unnt að bregðast við. Íslenskir háskólakennarar fara flestir utan til framhaldsnáms, læra jafnvel eingöngu erlendis. Það er skiljanlegt að þeim þyki þægilegt að nota sérfræðimálið sem mjög oft er enska. Þá þurfa þeir ekki að læra ný íslensk fræðiorð, jafnvel að búa til fræðiorð, til þess að geta rætt við nemendur um námsefnið. Geri þeir það ekki geta þeir ekki rætt við samkennara á móðurmálinu um sitt fag og þeir geta ekki heldur skrifað um það á móðurmálinu. Ég hef oft fengið það svar að menn skrifi ekki greinar á íslensku um sérfræðileg málefni. Samskiptamálið sé enska. Það er vissulega rétt. Íslenskir háskólakennarar eiga að taka þátt í hinu alþjóðlega fræðasamfélagi en þeim ber einnig skylda til að kynna fræði sín fyrir Íslendingum í ræðu og riti og það eiga þeir að gera á íslensku. Við verðum að gæta þess að enska verði ekki samskiptamál menntafólksins og íslenska málið sem talað er heima.

Háskóli Íslands hefur málstefnu eins og ég nefndi áðan, fyrstur íslenskra háskóla. Hún er þessi: Háskóli Íslands er íslensk vísinda- og menntastofnun og hluti af hinu alþjóðlega fræðasamfélagi. Málstefna Háskólans tekur mið af þessu tvíþætta hlutverki hans. Málstefnan hefur að leiðarljósi að talmál og ritmál Háskólans er íslenska, jafnt í kennslu, rannsóknnum sem stjórnsýslu. Þetta felur m.a. í sér að kennsla og próf til fyrstu háskólagráðu fer að mestu fram á íslensku. Víkja má frá þessari meginreglu ef sérstök ástæða er til, svo sem við kennslu í erlendum málum, ef kennari er erlendur eða kennsla er einnig ætluð útlendingum. Rannsóknnum og framhaldsnámi fylgja erlend samskipti og fleiri mál en íslenska eru notuð í því starfi, einkum enska. Meginkennslumál í framhaldsnámi er þó íslenska, eftir því sem við verður komið. Háskólinn vill stuðla að því að gera kennurum, sérfræðingum og nemendum kleift að tala og skrifa um öll vísindi á íslensku og gera þau jafnframt aðgengileg almenningi eins og kostur er. Málnotkun í Háskóla Íslands skal vera til fyrirmyndar.

Ég tel það mikla framför að Háskólinn hafi stigið þetta skref því að ég veit að það var ekki auðvelt. En ekki er nóg að hafa falleg orð á blaði, einhver verður að sjá til þess að stefnunni sé framfylgt, annars eru orðin vitagagnslaus.

Stefnunni fylgja orð um framkvæmd og útfærslu. Erlendir starfsmenn Háskólans eru t.d. hvattir til að sækja námskeið í íslensku og Háskólinn hvetur starfsmenn sína til að sinna málrækt, t.d. með því að rita um fræði sín á íslensku og taka saman orðasöfn. En Ísland er aðili að Bologna-samþykktinni og Háskóli Íslands á að taka við erlendum skiptistúdentum sem til hans leita í skamman tíma. Samkvæmt stefnunni mun Háskólinn leitast við að tryggja erlendum skiptistúdentum nægilegt framboð af sérhæfðum námskeiðum á ensku. Í lýsingunni á framkvæmd og útfærslu kemur fram að deildir Háskólans geta boðið upp á heilar námsleiðir í framhaldsnámi eða einstök námskeið á erlendum málum, eftir því sem aðstæður leyfa. Hvergi kemur fram hvernig sinna á þeim íslensku stúdentum sem gert er að skyldu að sækja námskeið á ensku. Eiga þeir að fá tilsögn í ensku eins og erlendir stúdentar fá tilsögn í íslensku?

Að lokum er í framkvæmdaráætluninni tekið fram að Háskólinn muni leitast við að bjóða stúdentum og starfsmönnum rithjálp í því skyni að stuðla að betri málnotkun. Þetta er mjög til fyrirmyndar en nú er að fylgja því eftir. Rektor ber ábyrgð á málstefnunni en deildir hafa umsjón með framkvæmd hennar. Ég tel að rektor hafi stigið stórt skref til verndar íslenskri tungu innan Háskóla Íslands og vonast til að rektorar annarra íslenskra háskóla fylgi honum eftir.

En ekki er nóg að Háskóli Íslands hafi málstefnu. Landið allt þarf að eiga sína málstefnu sem verndar tunguna á dögum hnattvæðingar og vaxandi erlendra áhrifa og feta þannig í fótspor nágranna okkar á Norðurlöndum. Danir, Finnar og Svíar hafa látið vinna að málstefnu fyrir sín lönd og Norðmenn eru einnig byrjaðir að huga að því hvað gera þurfi hjá þeim. Á síðasta þingi kom fram tillaga til þingsályktunar um að athuga réttarstöðu íslensku sem þjóðtungu Íslendinga og opinbers máls á Íslandi. Lagt var til að skipuð yrði nefnd sem skilaði álitu um stöðu íslenskrar tungu í löggjöfinni og gerði tillögur til úrbóta ef þörf þætti á. Eftir því sem ég hef fregnað var þingsályktuninni vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari skoðunar. Vonandi sofnar málið ekki því að mikilvægt er að staða íslensku verði ljós og að þjóðin viti hvað hún vill þegar tungumálið er annars vegar. Það nægir ekki lengur að segja: „Íslenska er okkar mál.“ Ýmsar blikur eru á lofti og við verðum að horfast í augu við það að lítið málsamfélag eins og okkar á erfitt uppdráttar þegar sótt er að úr öllum áttum – ef það hefur ekki staf að styðjast við.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.